

## **Aðgerðaráætlun Árskógarskóla vegna óveðurs veturinn 2020-2021**

Þegar veðrið er slæmt getur það talist álitamál hvenær hægt er að ætla nemendum að sækja skóla. Foreldrar þurfa undir öllum kringumstæðum að meta það hvort nemendur eru kyrrsettir heima ef skóla er ekki aflýst en veður og færð er slæmt. Tilkynna skal slíkt í skólann eins fljótt og kostur er, best er að hringja í síma 460-4973 (Kötlukskot).

Bílstjóri tekur ávallt ákvörðun, í samráði við skólastjórnendur, þegar skólaakstur er felldur niður. Ef skólabíllinn fer ekki af stað lætur skólastjóri boð ganga og aflýsir skólahaldi. Ef skólahaldi er aflýst fer eftirfarandi ferill í gang:

### **Upplýsingagjöf:**

1. Frétt um niðurfellingu skólaaksturs er sett á heimasíðu skólans, facebooksíðu skólans og með sendingu smáskilaboða sms gegnum Mentor.
2. Brestir á slæmt veður þegar nemendur eru í skólanum eða hættuástand auglýst af almannavörnum verða þeir kyrrsettir þar til talið er óhætt að þeir verði sóttir af foreldrum/rútu. Skólastjóri í samráði við lögreglu metur aðstæður og stjórnar heimferð nemenda. Ef nemendur fara fyrir heim með skólarútu verður frétt um að skólahaldi sé frestað sett á heima- og facebooksíðu skólans og skólastjórnendur skipuleggja úthringingu til foreldra.
3. Brestir á slæmt veður á meðan nemendur eru í skólabíl metur bílstjóri aðstæður og hvort hann geti haldið áfram för eða kalla þurfi eftir aðstoð björgunarsveitar. Þetta skal gert í samráði við skólastjóra og lögreglu.

Kveðja frá skólastjórnendum Árskógarskóla